KJARTAN GUÐJÓNSSON OG SVOLÍTIÐ UM LISTASÖGUNA

Um síðustu helgi opnaði Kjartan Guðjónsson, listmálari, stóra sýningu í Vestursal Kjarvalsstaða, en það hús situr nú eins og laus vog, og í annarri skálinni situr hinn látni, — en lifandi — meistari þjóðarinnar, Jóhannes Kjarval, en í hinum endanum kemur æskan og fer, líka ýmsir aðrir, stundum hópar, og vogin sveiflast til og frá.

Vigtarseðillinn verður ekki birtur hér, því þetta er tímans vog, en á henni er margur veginn og léttvægur fundinn, en eykur síðan þyngd sína. Aðrir koma miklir á velli og líklegir til átaka, en rýrna svo í tíðinni og verða svo sem ekki neitt, þegar til lengdar lætur.

Svo er allt þar á milli.

Það væri óðs manns æði að menn kæmu í raun og veru með myndir sínar og kæmu þeim fyrir á Kjarvalsstöðum til þess að bera þær saman við Kjarval. Þeir bera þær eins og börn út í vorið til að sýna þær heiminum, eins og listamenn ávallt gera þegar þeir sýna myndir, en það er viss alvara í þessu húsi og í Austursal erum við minnt á, að það er unnt að ná góðum árangri í list þótt lengst af væri heimslistin bakvið einhver fjöll og sambandið við hana því stopult. Kjarval og hinir þeir gömlu meistarar, sem við metum svo mikils, bjuggu lengst af við mikla einangrun, — máluðu á skeri — í orðsins fyllstu merkingu, heyrðu að minnsta kosti sjaldan ný tíðindi að utan.

Kjartan Guðjónsson

Mér kom þetta í hug á Kjarvalsstöðum við skoðun á sýningu Kjartans Guðjónssonar, að ekki hefðu einasta orðið kynslóðaskipti í myndlistinni, heldur hefðu ytri aðstæður líka breytzt, og ekki minna. Ísland er ekki lengur eyja í hafinu, þótt landafræðin hafi ekki breytzt þarna, við erum nú á hinn bóginn í daglegum samskiptum við hinn stóra heim, menningarlega séð. Hingað koma erlendir listamenn í öllum greinum, svo að segja daglega, heilar sýningar flögra um heiminn eins og vængmiklir fuglar og listamenn okkar sækja ekki aðeins listaskóla erlendis til náms í nokkur ár, eins og áður tíðkaðist, heldur fara oft utan, og prentaðar listbækur flytja list yfir hafið, listatímarit og jafnvel dagblöð og sjónvarp segja ný tíðindi hvern dag.

Þetta er mikill aðstöðumunur, svo ekki sé meira sagt.

Kjartan Guðjónsson er af fyrstu kynslóð myndlistarmanna er starfar í opnum heimi. Að vísu eru þarna ekki til nein glögg skil, því sumir heyra ekki neitt, sjá ekki neitt og finna ekki neitt, og má því einu gilda hvort opið er eða lokað.

Kjartan er fæddur árið 1921 og lýkur stúdentsprófi '42, en heldur síðan til náms vestur í Bandaríkjunum, því Evrópa stóð í björtu báli og allir vegir þar voru lokaðir.



Kjartan Guðjónsson listmálari við eitt verkanna á sýningunni

Þetta er líka nýtt, því nú var farið í vestur, en ekki austur eins og áður. Þarna sigldi ný kynslóð, og hún fór í aðra átt. Síðan fóru menn til Parísar og Rómargöngur hófust á ný, þegar óveðrinu slotaði.

Ég ætla ekki að rekja æviatriði Kjartans Guðjónssonar hér, enda þekki ég þau ekki æviskrárlega, en strax á unglingsárunum byrjaði ég að sjá myndir eftir þessa nýju menn, Kjartan Guðjónsson, Jóhannes Jóhannesson, Valtý Pétursson, Örlyg Sigurðsson og hvað þeir nú allir hétu. Þeim ungmennum er létu sig myndlist varða þá, var mikið niðri fyrir, og núna tveim eða þrem áratugum síðar er gaman að skoða þessi mál og sjá hvað gerðist.

Nýju mennirnir komu með ný tíðindi í myndlistinni og komu heim til þess að ganga frá sigrinum. Svavar Guðnason reið fyrstur á vaðið sem abstraktmaður, síðan komu þeir í hrönnum og brátt var byrjað að fjötra hina frjálsu trúgjörnu þjóð, sem trúði á Þingvelli og Hjálp í Þjórsárdal í myndlistum og smám saman þagnaði hún í hinni nýju abstraktsnöru og lokaði augunum.

Það má sjálfsagt margt segja um hina nýju menn. Bæði vont og gott, en þeir gátu málað, á því er naumast neinn vafi og þeir tendruðu nýtt líf í listum. Þeir mynduðu hæfilegt bil milli sjálfra sín, úthlutuðu sér skákum og allt gekk vel, um sinn en svo fór að kólna, og girðingarnar sem þeir höfðu gjört svo rammbyggðar byrjuðu að láta undan nýju fólki, sem heimtaði land og það endaði með einni allsherjar bændauppreisn í listinni og virkið er nú fallið fyrir löngu, og sambúð þjóðarinnar við heimslistina er ekki aðeins leyft og sjálfsagt, heldur líka fullkomlega eðlilegt, og nú er allt leyft og ekkert bannað — og það er mikil gróska í listum.

Þjóðin var frelsinu fegin.

Ýmsir héldu því fram, að þegar abstraktmenn væru einu sinni búnir að missa tökin á listasögunni, myndi list þeirra veslast upp og deyja í sjálfri sér. Menn voru sammála eða eru það a.m.k. núna, að þessi reynsla hafi verið nauðsynleg, því þjóðin hefur bókstaflega fengið ný augu, myndlistarlega séð. Og það merkilega hefur nú skeð, abstraktmenn mála betur undir frelsi en þeir gerðu undir húsaga áður, því klausturreglurnar settu líka hömlur á þá sjálfa, ekki síður en þjóðina, en nóg um það.

Sýningin á Kjarvalsstöðum

Þetta er orðinn æði langur formáli að skrifum um eina sýningu, en mér kom þetta í hug.

Kjartan Guðjónsson er starfandi málari svo að segja allt þetta tímabil, en mun þó hafa gefið myndlistina meira og minna upp á bátinn um tíma, sinnt þá kennslu, bók lýsingum, jafnvel auglýsingum, unz hann tók til á nýjanleik, og nú heldur hann hverja sýninguna af annarri og vegur hans og virðing vex í hverju skrefi. Um það eru allir sammála.

Sé ferill hans skoðaður, eftir því sem sést á almannafæri er hann í rauninni sérstæður. Hann byrjar með stílfærðar, hóflmiklar myndir (ca. 1947) og list han þróast innan þessara forma.

Eftir að þögnin var rofin og slakað hafði verið á húsaga meðal lærðra málara, þróast list Kjartans í hreina abstraktsjón, gagnstætt því sem gerðist hjá flestum öðrum, sumir breyttu engu, aðrir gripu tækifærið fegins hendi og fóru að gera figurativar myndir. Ég nefni engin nöfn.

Ef til vill er skýringin sú, að Kjartan hefur alla tíð teiknað svarthvítar, figurativar myndir, og kannski hefur hann fengið næga útrás á því sviði þar, en málverkin eru öll abstrakt.

Á sýningu hans eru myndir af ýmsum gerðum. 54 olíumálverk, um það bil 20 vatnslita, eða gvassmyndir, og tæplega 30 teikningar við atriði úr Íslendingasögunum, sem flestar, eða allar munu vera bóklýsingar.

Þá er þarna „ljósgrafík" og seria úr Norðurlandstrómet, bók sem forseti Íslands þýddi og gaf út í fyrra.

Svo fyrst sé fjallað um olíumálverkin, þá ríkir þar mikil gleði, meiri en áður. Þetta eru abstraktmálverk (að mestu leyti) glöð í lit sínum og formum. Form og litur hafa breytzt síðan síðast. Á síðustu sýningu voru margar loftmyndir, nú hafa málarinn og áhorfandinn lækkað flugið, þannig séð.

Myndirnar eru allar frambærilega, sumar góðar, aðrir mjög góðar.

Einhver fáránlegustu skrif sem sjást á prenti eru ritaðar lýsingar á abstraktmyndum, og verða þær ekki iðkaðar hér. Til þess eru málverkin.

Það sem að myndunum má finna er heldur ekki unnt að segja með fullri og tilhlýðilegri nákvæmni. Þær gætu sumar t.d. verið of skrautlegar — dekorativar. Að málarinn hafi í raun og veru ekki upplifað neitt sérstakt, heldur sé aðeins orðinn flinkur. Aðrar myndir tekur maður á hinn bóginn mjög alvarlega. Í þeim er augljós tilfinning.

Sagt er að oft séu rissblöð og skissur eða undirbúningsmyndir málara betri list, heldur en hið eiginlega listaverk, sem er útkoman af hinum velktu blöðum. Hvað um það.

Undirrituðum finnst það oft takast í gvassmyndunum, sem hefði átt að gerast í olíumyndunum, og standa þær að því leyti til stundum feti framar.

Annar stór hluti sýningar Kjartans Guðjónssonar eru teikningar úr Íslendingasögunum. Þetta eru blýantsteikningar, tússteikningar með pensli og/ eða penna, og fylgir texti hverri mynd, um þau atriði er að myndefni varð.

Orð koma fyrir, Örlygsstaðafundur, Flugmýrarbrenna, Svínfellingasaga, en myndir við Sturlungu gerði hann 1977-1978.

Að lokum eru svo svartkritarmyndir við áðurnefndan Norðurlandstromet frá 1974-1977.

Þessar teikningar eru auðvitað misjafnar, en hafa þó allan styrk. Hvergi er kastað til höndunum, heldur er unnið af gleði og valdi. Þær sýna íþrótt málarans vel, og stundum eru þær sérlega áhrifamikil listaverk.

Um gildi þeirra fyrir söguna þarf ekki oft að efast, og stundum gera þeir hana fyllri, eins og í myndinni úr Svínfellingasögu: „hann hratt þar fram hestinum og hljóp þar sjálfur eftir...."

Frumlegasta fyrirbærið eru svo stækkanir Kristjáns Magnússonar ljósmyndara á sumum teikniverkunum.

Ljósgrafík nefna menn það.

Kjartan hefur látið stækka myndir sínar fótografiskt, eða teikningarnar og eru þetta nýstárlegar og skemmtilegar aðferðir.

Frágangur þessara mynda er sá, að þær eru límdar á spjöld og síðan lakkaðar.

Mjög vönduð sýningaskrá fylgir sýningunni, en hana hannaði Edda V. Sigurðardóttir, auglýsingateiknari. Hún er falleg þessi skrá, en ritaðar upplýsingar vantar. Þarna hefði mátt rekja helztu æviatriði, menntun, sýningar og fl. sem skiptir máli. Ekki af því að Kjartan sé ekki frægur málari og maður, heldur til leiðbeiningar.

Sýningu Kjartans Guðjónssonar lýkur um helgina, og menn skyldu athuga að þessi sýning er viðburður.

Jónas Guðmundsson



fólk í listum



Málverk eftir Kjartan, „Fjörkippur" frá 1975

Egilsstaðir:

Unnið að hitaveiturannsóknum

ESE — Að sögn fréttaritara Tímans á Egilsstöðum, hefur tíðarfar verið gott þar í vetur, þó hefur að undanförnu snjóað þó nokkuð í fjöll, og eru af þeim ástæðum flestir fjallvegir ófærir. Leiðin til Borgarfjarðar eystri var lokuð í fyrradag og unnið var að mokstri á Fjarðarheiði, þá var og Oddskarð ófært.

Allir vegir í byggð eru mjög slæmir sökum aurbleytu, en í góða veðrinu sem hefur verið undanfarið þá hefur snjórinn þiðnað á skömmum tíma.

Félagslíf er með miklum blóma á Héraði, og nú um næstu helgi hefst félagsvaka, sem haldin er á vegum Menningarsamtaka Fljótsdalshéraðs, og mun henni vera fram haldið um hverja helgi í aprílmánuði. Félagsvakan er árviss atburður í menningarmálum þar eystra, en að þessu sinni mun vakan hefjast með því, að íbúar Tunguhrepps sjá um kvöldvöku, en meðal efnis á henni verða hljómleikar, sem kórar á Héraði sjá um og verða hljómleikar þessir um tvær næstu helgar. Einnig mun leikfélag Fljótsdalshéraðs sýna barnaleikritið Rauðhettu á Félalagsvökunni, og því ættu yngstu áhorfendurnir að fá eitthvað fyrir sinn smekk.

Í sambandi við vökuna verða einnig haldnir umræðufundir, þar sem fjallað verður um ungmenna- og íþróttamál og síðast en ekki síst þá verða haldnir nokkrir dansleikir.

Gott atvinnuástand hefur verið á Egilstöðum í vetur og hafa allir nóg að starfa. Framkvæmdir við byggingar á staðnum hafa gengið vel sökum góðs tíðafars, og nú er verið að vinna að rannsóknum vegna hugsanlegrar hitaveitu á staðnum í framhaldi af því, að í fyrra fannst með vorunum heitt vatn, sem að mati sérfræðinga gæti verið virkjanegt og fá Egilstaðabúar á næstunni dælu, sem á að mæla vatnsmagnið í borholu þeirri sem boruð var, og því ættu að fást á næstunni upplýsingar um það hve mikið virkjanlegt vatn holan gefur af sér. Ef vel tekst til þá ætti í framtíðinni að fást nægt heitt vatn úr holunni, sem gæti fullnægt þörfum Egilstaðakauptúns og þéttbýliskjarnans við Lagarfljótsbrú.